





Steinlagna- og umhirðutækni



Umsóknir

Opið er fyrir umsóknir. Nánari upplýsingar um námið fást í síma 514 9601 eða með fyrirspurnum á ave@tskoli.is.

Tækniskólinn - skóli atvinnulífsins

Háteigsvegi, 105 Reykjavík




Sími: 514 9601, fax: 517 3075

ave@tskoli.is

www.tskoli.is

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is



Steinlagna- og umhirðutækni

Nám í steinlagna- og umhirðutækni er mótað og uppbyggt af Félagi skrudgarðyrkjumeistara og Horticum menntafélagi ehf. í samstarfi við Tækniskólann - skóla atvinnulífsins. Einnig hafa Starfsmenntaráð, Samtök iðnaðarins, Efling stéttarfélag, BM Vallá og Steypustöðin komið að samstarfinu og veitt styrki til verksins.

Tilgangur námsins

Námi í steinlagna- og umhirðutækni er ætlað að koma til móts við kröfur atvinnulífsins um þekkingu og hæfni almennra starfsmanna sem sinna gróður- og yfirborðsvinnu, jafnframt því að mæta væntingum nemenda um vandað starfsnám á þessu sviði.

Skipulag námsins

Náminu er skipt í tvo hluta þar sem annars vegar er lögð áhersla á steinlagnir og hins vegar áhersla á umhirðu grænna svæða. Hvor hluti skiptist í 2 hluta (stig). Nemendur geta valið einn eða fleiri hluta, allt eftir óskum og þörfum. Gefið er út skírteini að loknum hverjum hluta sem m.a. tilgreinir hvað nemandi á að vera fær um að gera í starfi.



Kennslufyrirkomulag

Kennslan fer fram á kvöldin, frá 17:10-21:50.

Verkleg kennsla fer fram á laugardögum en gert er ráð fyrir 3 verklegum dögum í hverjum hluta.

Haustrissseri

September-október	kst	Október-desember	kst
Umhirðutækni I (UT I)		Steinlagnatækni I (ST I)	
Námstækni	7	Námstækni	7
Tölvur og upplýsingat.	10	Tölvur og upplýsingat.	10
Uppbygging og umhirða grænna svæða	38	Efnisfræði	13
Garðagróður I	20	Landmæling	25
		Lestur teikninga	13
Útplöntun og meðhöndlun plantna	25	Steinlagnir I	32
Framkvæmdir og vinnuvernd	25	Framkvæmdir og vinnuvernd	25
Kennslustundir (kst)	125		125
Einingar (ein)	10		10

Vormisseri

Janúar-febrúar	kst	Mars-apríl	kst
Steinlagnatækni II (ST II)		Umhirðutækni II (UT II)	
Bygging skrudgarða I	50	Plöntur og næring	25
Steinlagnir II	25	Garðagróður II	25
Vélar og verkfæri	12	Umhirða og viðhald garðagróðurs	50
Vinnuteikningar og verklýsingar	13		
Vinna og verkstjórn	25	Vinna og verkstjórn	25
Kennslustundir (kst)	125		125
Einingar (ein)	10		10

Inntökuskilyrði

Umsækjendur sem innritast í starfsnám í steinlagna- og umhirðutækni þurfa að hafa starfsreynslu á fagsviði skrudgarðyrkju. Þeir þurfa einnig að hafa lokið skyldunámi í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla eða hafa aðra sambærilega reynslu.

Lokamarkmið námsins

Markmið námsins er að undirbúa nemendur fyrir almenn störf á fagsviði skrudgarðyrkju. Nemendur geta valið styttra eða lengra nám, safnað saman einingum, allt eftir þörfum og geta sótt um að fá námið metið til áframhaldandi náms á framhaldsskólastigi. Lögð er áhersla á mismunandi námsnálgun hvers nemenda og þarfir hans fyrir sérúrræði ef á þarf að halda.

Athugið að fræðslusjóðir atvinnulífsins geta veitt fyrirtækjum styrk til að senda starfsmenn sína í námið. Styrkurinn getur numið allt að 75% námsgjalds. Einnig geta nemendur sótt um einstaklingsstyrki til síns stéttarfélags samkvæmt tilteknum reglum.

